

Ed.

616. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um notkun sandgræðslugirðingar í Gunnarsholti.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin getur ekki mælt með því, að ríkissjóður fari nú að koma upp og þá væntanlega reka barnahæli í sveit, er starfrækt yrði að sumrinu, en notað til skólahaðs að vetrinum. Hinsvegar er nefndin sammála flutningsmanni tillögunnar um það, að ríkissjóður eigi að fá tekjur af jörðunum Gunnarsholti og

Brekkum í Rangárvallahreppi, og telur rjett, að stjórninni verði falið að athuga, á hvern hátt því verði best náð. Hún leyfir sjer því að leggja það til, að þingsályktunartillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnin taki til íhugunar, hversu rikissjóði verði haganlegast aflað tekna af eyðijörðunum Gunnarsholti og Brekkum í Rangárvallahreppi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.

Jóhann Þ. Jósefsson.
frsm.